

Snemmtæk íhlutun, mál og læsi

Leikskólinn Álfatún.



Efnisyfirlit:

Formáli

Móttaka barna í leikskólanum

Málþroski barna

Prep í málþroska

Snemmtæk íhlutun

Málörvun tví- og fjöltyngdra barna

Málörvun/læsi í leikskólanum

Úr starfsáætlun og námskrá

Daglegt líf

Málörvunarefni

Spilasafn

Bókasafnið

Pokasafn

Hlutverk sérkennslustjóra

Viðbrögð við frávikum í málþroska

Gátlisti fyrir málþroska

Matstæki leikskólans

Heimildir

Formáli

Lykill að góðum samskiptum felst í tjáningu og skilningi, því að geta tjáð hugmyndir sínar og skilið það sem aðrir hafa fram að færa, að geta fært rök fyrir máli sínu og þróað hugmyndir. Á leikskólaaldri er lagður grunnur að málskilningi, lesskilningi og læsi á umhverfið og má segja að málörvun sé einn af stærstu þáttum leikskólastarfsins. Því er mikilvægt að fylgjast vel með málþroska leikskólabarna og vera með snemmtæka íhlutun fyrir þau börn sem á því þurfa að halda.

Markmið með íslenskunámi og markvissri málörvun barna á leikskólaaldri er að veita þeim næg tækifæri til að þjálfa og efla skilning sinn og tjáningarfærni í íslensku. Leikskólastigið er fyrsta skólastigið og mikilvægi þess er óumdeilt. Virk þátttaka í leikskólastarfi er mikilvægur undirbúningur fyrir farsæla skólagöngu og getur lagt grunn að virkri samfélagsþátttöku. Útbúnir hafa verið hæfniramar sem hægt er að nota til að meta stöðu tví- og fjöltyngdra barna þar sem sett eru fram viðmið um hver sé eðlileg þróun í málþroska út frá hve lengi barn hefur dvalið í nýju málmhverfi. Þessa ramma skal nota við að skoða stöðu þeirra í leikskólanum með reglulegu millibili.

Móttaka barna í leikskólanum

Lögð er áhersla á að taka vel á móti foreldrum og börnum og mynda traust og góð tengsl. Allir foreldrar fá móttökuvíðtal við deildarstjóra og/eða leikskólastjóra þar sem fengnar eru upplýsingar um bakgrunn barns og ýmis mál sem tengjast leikskólanum m.a. sem snúa að stoðþjónustu. Í framhaldi af því er metið hvort barn þurfi einhvers konar íhlutun sem gæti verið í formi félagsfærnisögu, fara heim með dagsskipulag eða annað sem talið er henta viðkomandi barni.

Umhverfi barna skiptir máli og mikilvægt að barn sem er á málþroskaskeiði og eins tví- og fjöltyngd börn upplifi öruggt umhverfi, þar sem lagt er upp með sjónrænar leiðbeiningar og/eða hlutatákn. Þetta er einnig mikilvægt fyrir börn sem eru að tileinka sér byrjendalæsi og börn sem glíma við óöryggi, kvíða eða hegðunarerfiðleika af einhverju tagi.

Fylgiskjöl:

1. Móttökuvíðtal
2. Ferli eftir móttökuvíðtal
3. Dagskipulag

4. Hugmyndir að sjónrænu umhverfi
5. Tákn með tali – helstu tákn

Ef vísbendingar koma fram um seinkun í málþroska, þarf að byrja strax íhlutun.

Málþroski barna

Málþroski er hugtak sem felur í sér ýmis konar þekkingu og færni sem börn tileinka sér hvað hraðast á aldrinum 0 – 6 ára, en þessu ferli er talið ljúka um kynþroskaaldur. Á þessu tímabili læra þau ýmislegt. Eins og orð, merkingu þeirra, framburð og beygingar. Þá læra þau að tengja orðin saman á ýmsan hátt, svo að þau fái mismunandi merkingu, auk þess að mynda setningar. Þau læra einnig um orðaröð, tíðir og önnur málfræðileg atriði tungumálsins. Talað er um að málþroski hafi þrjá þætti og að barn þurfi að öðlast hæfni í þeim öllum og að þeir þurfi að tengjast og vinna saman til þess að þróun máls verði eðlileg. Þessir þættir eru: merking, sem á við um merkingu orða og setninga, form, sem skiptist í hljóðkerfisfræði, beygingarfræði og setningarfræði og notkun, sem á við um það hvernig málið er notað við mismunandi aðstæður.

Fyrstu mánuðirnir og árin skipta sköpum í máltöku barna. Börn nema hljóð og orð úr umhverfinu og læra smám saman að greina á milli þeirra. Þess vegna er mikilvægt að þau heyri sem mest af móðurmálinu, jafnvel þótt ekki sé verið að tala beint til þeirra. Þegar foreldrar tala óspart við barn sitt styrkir það málskilning og orðaforða auk þess sem það eflir jákvæð tengsl við barnið. Börn hafa meðfæddan hæfileika til að veita röddum og andlitum í kringum sig athygli og þau eru stillt inn á að nema það eða þau mál sem þau heyra í nánasta umhverfi sínu. Félagslegi þáttur námsins er ómetanlegur og sannast hið fornkvæða að því læra börnin málið að það er fyrir þeim haft.

Þrep í málþroska.

Máltaka er samspil bæði umhverfis og líffræðilegra þátta. Líffræðilegir þættir teljast til hreyfi- tauga- og vitsmunarþroska og ef þeir eru eðlilegir er talið að öll börn byrji að tala á svipuðum aldri og fylgi sömu stigum máltökunnar.

- Barnið er að uppgötva málið (frá fæðingu til átta mánaða)

- Að geta skipst á boðum (átta til þrettán mánaða)
- Barnið byrjar að segja fyrstu orðin (tólf til átján mánaða)
- Barnið getur sett saman orð (átján mánaða til tveggja ára)
- Einföld setningamyndun (tveggja til þriggja ára)
- Flóknari setningamyndun (þriggja til fimm ára)

Fylgiskjöl:

6. Þróun máls og tals 0-3 ára

7. Þróun máls og tals 3-6 ára

Snemmtæk íhlutun

Snemmtæk íhlutun felst í því að greina málþroskafrávik snemma og skilgreina vandann. Þá þarf að skoða hvaða málþætti þarf að vinna með og veita ráðgjöf og markvissa þjálfun til að ná árangri. Áhersla er lögð á einstaklingsáætlanir, skráningu og mat á árangri. Þá þarf að sækja um viðeigandi sérfræðiaðstoð, t.d. talmeinafræðinga eða sálfræðinga. Ráðlegt er að íhlutun standi í þrjá mánuði áður en kallað er eftir utanaðkomandi aðstoð. Gott samstarf við foreldra er mikilvægt og þar veltur á góðri fræðslu og upplýsingagjöf. Ef foreldrar eru vel upplýstir gera þeir sér betur grein fyrir mikilvægi þess að taka þátt í aðferðum snemmtækrar íhlutunar og geta þar af leiðandi undirbúið barn sitt til að takast á við allt nám. Því fyrr sem málþroskafrávik eru greind og skilgreind er hægt að draga úr, eða jafnvel koma í veg fyrir, námserfiðleika síðar á lífsleiðinni.

Birtingarform málþroskafrávik geta komið fram í hegðunarerfiðleikum. Seinkun í leikþroska og lítill orðaforði getur verið fyrsta vísbending um lestrarerfiðleika. Þau börn sem hafa góðan orðaforða hafa forskot þegar kemur að lestrarferlinu. Annar mikilvægur þáttur í málörvun ungra barna er að styrkja hljóðkerfi í gegnum leik og söng. Það er vitað að taktur, söngur og hrynjandi eykur áhuga og hjálpar til við nám. Börn með eðlilega heyrn tileinka sér hljóðkerfi í viðkomandi tungumáli fyrst og fremst með því að hlusta og leika sér með máhljóðin.

Þegar upp kemur grunur um frávik í málþroska barns setjast sérkennslustjóri og deildarstjóri niður og fara yfir málin. Það þarf að greina hvers konar frávik er til staðar og setja af stað íhlutun út frá því. Hvað á að gera, hvernig, hver og hvar. Ráðlagt er að íhlutun fari fram í 3 mánuði áður en ákveðið er hvort óskað verði eftir aðkomu sérfræðinga.

Íhlutun getur t.d. falist í:

- Spilastundum.
- Gefðu 10.
- Vinnustundum þar sem ýmist er unnið með einstaklinga eða litla hópa.
- Auknu sjónrænu skipulagi.

Fylgiskjal:

8. Gefðu 10

Málörvun tví- og fjöltyngdra barna

Öll börn hafa gott af því að læra önnur tungumál. Það skiptir þó sköpum að góður grunnur sé lagður fyrir málþroska barnsins með því að rækta vel og nota móðurmál þess heima fyrir. Flest fjöltyngd börn á leikskólaaldri eru í samtíða máltöku tungumála sinna, þ.e. þau læra málin samhliða. Hvetja þarf foreldra til að styrkja og nota móðurmálið í samskiptum, með frásögnum og lestri bóka en einnig að styðja börnin í að taka reglulegum framförum í íslensku. Á sama hátt þarf leikskólinn að bera og sýna virðingu fyrir fjölbreyttum tungumálum barnahópsins (Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla).

Það er oft mikill vandi að greina hvort barn sem elst upp við tvítyngi eða fjöltyngi sé með málþroskafrávik. Ýmist getur það gerst að öll vandamál barnsins séu útskýrð út frá því að barnið sé að læra annað tungumál, eða að barn sé greint með málþroskafrávik þó að vandinn sé aðallega í því fólgin að barnið þurfi meiri tíma til þess að tileinka sér nýtt tungumál.

Málþroskapróf sem eru stöðluð á öðru tungumáli en móðurmáli barnsins gefa ekki rétta mynd af málþroska barnsins nema í því tungumáli sem prófað er. Það er þó hægt að nota ákveðin viðmið prófa til þess að skoða einstök atriði í málþroska barnsins út frá eðlilegum þrepum í málþroska, sem öll börn fara í gegnum, eins og að hlusta, sameina athygli, gera til skiptis, sýna táknrænan leik, tengslamyndun, orðaforða, málskilning, setningamyndun og viðeigandi boðskipti. Hvert tungumál hefur þó sín sérkenni sem taka þarf tillit til í mati á málþroska. Það væri auðvitað æskilegt að hægt væri að meta málþroska barnsins á móðurmáli þess. Það er þó oft flókið svo leita verður annarra leiða. Að læra önnur tungumál veldur ekki málþroskaröskun.

Við greiningu er mikilvægt að afla góðra bakgrunnsupplýsinga, nota gátlista og skrá niður orðaforða barnsins (þau orð sem barnið notar á þeim tungumálum sem það er að læra) og hvort það hafi möguleika á því að stunda tómstundir þar sem töluð er íslenska. Leggja þarf áherslu á

að skapa möguleika fyrir börn sem eru að læra íslensku til að umgangast íslensk börn fyrir utan leikskóla til að fá fleiri tækifæri til þess að ná góðum tókum á tungumálinu. Það er líka mikilvægt að vita hvort móðurmál barnsins sé notað í samskiptum við það og að hvetja foreldrana til þess að rækta móðurmál barnsins. Mikilvægt er að greina hvort barnið er með málþroskafrávik sem kemur þá fyrst fram í eigin tungumáli og endurspeglast í öðrum tungumálum sem barnið lærir.

Ef málumhverfi barnsins er mjög flókið getur það haft áhrif á málþroska. Það þarf þó í öllum samtölum við foreldra frá mismunandi menningarheimum að gera sér grein fyrir því að viðhorf til frávika eru mjög mismunandi og í sumum löndum er allt önnur merking lögð í hugtakið að vera með frávik. Í mörgum vestrænum þjóðfélögum er meira verið að hugsa um það að finna frávik hjá barninu til þess að geta sett af stað markvissa íhlutun sem fyrst. Í öðrum löndum getur það að vera með frávik vakið upp mikla hræðslu og óöryggi einfaldlega vegna þess að skóli án aðgreiningar er ekki jafnþekkt í þjóðfélaginu og á Íslandi. Börn með frávik eru jafnvel send á stofnun eða þau fá ekki sömu tækifæri til menntunar og önnur börn. Það sem skiptir öllu máli er að gera sér grein fyrir menningarmun og mismunandi túlkun á frávikum hjá mismunandi þjóðum. Það er ljóst að hvort sem barnið er með málþroskafrávik eða slaka færni í því að læra íslensku þá er mikilvægt að veita viðeigandi íhlutun til þess að öll börn hafi jafna möguleika til náms á Íslandi.

Útbúnir hafa verið Hæfnirammur í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla en þeim er ætlað að vera uppspretta fjölbreytilegs leikskólastarfs sem styður við framfarir barna í íslensku. Sett eru fram viðmið um hver sé eðlileg þróun í málþroska út frá hve lengi barn hefur dvalið í nýju málumhverfi. Þessa ramma skal nota við að skoða stöðu þeirra í leikskólanum með reglulegu millibili. Viðmiðin sem eru sett fram lýsa þróun á þeim færniþáttum við tileinkun annars tungumáls sem brýnt er að vinna markvisst með og þeirri hæfni sem börnin þurfa að ná á þessu fyrsta skólastigi til þess að geta stundað nám sitt óhindrað í íslensku skólakerfi í framtíðinni. Hæfniviðmiðum er ætlað að auðvelda mat á stöðu fjöltyngdra barna í íslensku.

Fylgiskjöl:

9. Hæfnirammur
10. Hæfnirammur, útfylling
11. Grunur um frávik.

Málörvun/læsi í leikskólanum

Úr starfsáætlun og námskrá

Málörvun fer fram allan daginn í gegnum daglegt starf, spil og samskipti. Í daglegum athöfnum tengir barn á milli orða og athafna, lærir ný hugtök og leikur sér með hljóð og orð. Því er mikilvægt að börn á leikskólaaldri hafi aðgang að sem fjölbreyttustum efnivið til tjáningar. Við leggjum áherslu á að þau hafi aðgang að prentuðu máli, myndmáli og táknerfum og uppgötv tengsl á milli þess og tungumálsins. Einnig er mikið lagt upp úr því að lesa sögur, syngja, læra þulur og ljóð í daglegum samverustundum. Við veltum fyrir okkur hvað orðin þýða og leikum okkur með orðin. Við notum sjónrænt dagskipulag og tákni með tali sem hjálpartæki. Einnig hvetjum við til þess að börnin segi sögur sjálf, segi frá því sem þau sjá í umhverfi sínu og noti teikningu og sjónræn form til að koma hugsunum sínum og hugmyndum til skila. Læsi felst m.a. í að lesa í umhverfi, aðstæður, tilfinningar og ýmis konar tákni. Ýtt verður undir læsi í gegnum myndmál, sjónrænt skipulag og með því að setja orð á athafnir og hvetja til rannsókna.

Fylgiskjal:

12. [Læsisstefnan okkar frá 2018](#)

13. [Læsisstefna Kópavogs](#)

Daglegt líf

Þegar við tölum um eldri börn í þessum kafla, þá erum við gjarnan að miða við þrjá elstu árgangana. Alla daga eru 2-3 samverustundir með lestri, söng, spil og dans. Þar sem lögð er áhersla á orðaforða, skilning og tjáningu.

Hópastarf er einu sinni til tvisvar í viku hjá eldri börnum og í flæði hjá yngri börnunum, þar er unnið með þemu og efnivið út frá áhuga barnanna sem er krufið saman. Þemu eru unnin út frá árstíðum, skynjun, áhugasviðum barnanna og viðburðum í samfélaginu.

Fagnaðarfundir eru einu sinni í viku, deildar skiptast á að velja lög og gera það gjarnan með börnunum þar sem þau leiða fagnaðarfundinn fyrir hóp barnanna. Notast er við tákni með tali með söng.

Útinám: Allar deildar fara út á hverjum degi, einu sinni til tvisvar á dag. Í útiverunni gefast tækifæri til efla grófhreyfingar barnanna og hitta vini af öðrum deildum. Ból og Lækur fara tvisvar til þrisvar í viku í gönguferðir um nágrennið þar sem meðal annars er unnið með

umhverfislæsi, félagsþroska og vináttu í gegnum leiki og upplifun. Þegar vorar fara börnin á yngri deildum einnig reglulega í stuttar gönguferðir út fyrir garðinn.

Lubbi finnur málbein er mikið notaður á yngri deildunum, bæði eru lögin sungin, notast við tákni fyrir hvern staf og sjónrænar myndir með hverjum staf eru notaðar. Börn og starfsfólk er að læra lögin saman og hlusta reglulega yfir daginn. Allar deildirnar fara yfir sömu stafi á sama tíma, þar sem áhersla er lögð á tvö stafi í einu. Lubba plakati og myndir hanga uppi svo að börnin geti skoðað stafina. Á Ból og Læk er meira unnið með einstaklingana, farið er yfir barnahópin að hausti með sérkennslustjóra og greindar þarfir hvers og eins.

Bangsar sem fara heim og póstkassi: Eldri börnin skiptast á að fara með bangsa heim og stílabók og foreldrar hjálpa þeim að skrifa hvað var gert með bangsanum. Síðan er lesið úr stílabókinni í samverustund. Á Bóli og Læk eru póstkassar og eru foreldrar hvattir til að hjálpa börnunum að skrifa bréf um eitthvað sem þau gera utan leikskólans og setja í póstkassann. Svo eru bréfin lesin í samverustundum. Markmið þessara verkefna er ásamt því að örva læsi, að búa til samvinnu milli heimilis og skóla og gefa öllum börnum rödd.

Sjónrænt skipulag: Allar deildirnar eru með sjónrænt skipulag í hæð barnanna þar sem þau hafa greitt aðgengi að því allan daginn. Á Björkinni eru myndir af fjölskyldumeðlimum þeirra sem hanga á veggjum í þeirra hæð og geta börnin rætt um fjölskyldur sínar við starfsfólk og vini sína á deildinni.

Tákni með tali er mikið notað í söng, samverustundum og matartímanum. Börnin eiga sitt eigið tákni sem þau völdu með foreldrum sínum þegar þau byrja í leikskólanum. Táknið er notað í samverustundum og fagnaðarfundum.

Sýnilegt ritmál, leikfangakassarnir eru merktir með texta og mynd, afmælisormar með myndum og nöfnum barnanna hanga á veggjum svo þau geti skoðað. Einnig hafa börnin á Ból og Læk aðgang að ýmsum orðum (með myndum) til að herma eftir (skrifa eftir fyrirmynd). Bækur eru aðgengilegar börnunum þar sem þau geta gengið í og þau fá bækur þegar þau vilja og biðja um. Á Bóli og Læk eru einnig skipulagðar spilastundir.

Fylgiskjal:

14. *Lubbi finnur málbein*

15. Tákni með tali.

Málörvunarefni

Spilasafn.

Spilasafnið okkar er flokkað út frá eftirfarandi flokkum

- orðaforði: almennur orðaforði – nafnorð, sagnorð, lýsingarorð. o.s.frv.
- málskilningur: flokka eftir notkun og eiginleikum, para saman, notkun á hv-spurningum (t.d. hvar, hvernig), orsök-afleiðing, afstöðuhugtök,
- málfræði: safn reglna t.d. eintala/fleirtala, nútíð/þátíð, stigbreyting lýsingarorða o.fl.
- setningafræði: frásagnir, uppbygging setninga.
- hljóðkerfisvitund: rím, samstöfur, hljóðtenging, hljóðgreining, margræð orð, samsett orð, orðahlutaeyðing, framburður, bókstafir
- félagsfærni: þekking á tilfinningum, færni til að haga sér á viðeigandi hátt eftir aðstæðum.
- stærðfræði: stærðarhugtök, tölustafir, talnaskilningur.

Bókasafnið.

Bókasafnið okkar er flokkað í eftirfarandi flokka. Eldri – yngri – ævintýri og þjóðsögur – bækur á erlendum tungumálum – fjölmennig – málörvun – ljóð- og söngvabækur – fræðibækur.

Pokasafn

Pokasafnið samanstendur af pokum sem eru með einhverjum ákveðnum efnisflokk. Meðal annars: rím, hljóðkerfisvitund og svo frv. Hins vegar sögupokar.

Hlutverk sérkennslustjóra

Meginhlutverk sérkennslustjóra er að halda utan um öll þau mál sem snúa að sérkennslu við leikskólann. Það felur í sér að veita ráðgjöf til samstarfsfólks og foreldra varðandi snemmtæka íhlutun, boða og sitja teymisfundi og rita fundargerðir, útbúa beiðnir vegna sérfræðiaðstoðar og hafa umsjón með útfyllingu skimana og prófana. Hann er tengiliður við sérfræðinga, skrifar skýrslur og hefur yfirumsjón með myndbandsupptökum vegna frekari greininga. Sérkennslustjóri ber ábyrgð á gerð einstaklingsnámskráa fyrir börn sem njóta sérkennslu og hefur yfirumsjón með að áherslum um kennslu annarra sérfræðinga sé framfylgt, en hann er í samskiptum og samstarfi við t.d. talmeinafræðinga, sálfræðinga og iðjuþjálfara. Hann sér um fyrirlögn á EFI –2 og HLJÓM - 2 ásamt deildarstjórum sem hafa réttindi til þess. Sérkennslustjóri sér um að skila viðeigandi upplýsingum um börn sem hafa verið í hans umsjón til annarra leik- og grunnskóla. Hann kemur að tilkynningum til barnaverndar og er í reglulegum samskiptum við sérkennslufulltrúa og sérkennsluráðgjafa á Leikskóladeild Menntasviðs Kópavogs. Sérkennslustjóri tekur nýtt starfsfólk í samtal og fer yfir hvernig við vinnum að málörvun barna í daglegu starfi og leik.

Fylgiskjal:

16. Samtal við nýtt starfsfólk.

Viðbrögð við frávikum í málþroska

Gátlisti fyrir málþroska.

Gátlistinn er hægt að nota sem skimun fyrir kennara á mál-/talvanda leikskólabarna. Gátlistinn er notaður fyrir fimm mismunandi aldursbil barna á leikskólaaldri. Hann gefur hugmynd um umfang málþroskavanda sem talmeinafræðingur þarf síðan að meta nánar. Deildarstjóri merkir við þá þætti sem eiga við á listanum og lýsir málnotkun barns í ákveðnum aðstæðum. Gátlistinn er endurskoðaður og aðlagður af Ágústu Guðjónsdóttur og Mörtu Eydal, talmeinafræðingum.

Matstæki leikskólans

Matstæki sem eru lögð fyrir öll börn:

EFI-2 er málþroskaskimun sem er lögð fyrir öll börn á fjórða ári (3,1 til 3,11 ára). EFI-2 kannar málskilning og máltjáningu. Höfundar eru Elmar Þórðarson, Friðrik Rúnar Guðmundsson og Ingibjörg Símonardóttir. Skimunin byggist á myndabók sem barnið og kennarinn skoða saman. EFI -2 er ekki nákvæm greining á málþroska barna heldur gefur vísbendingar um mögulegan vanda. Markmiðið með skimuninni er að finna þau börn sem eru með frávik í málþroska svo hægt sé að grípa inn í með markvissri snemmtækri íhlutun við hæfi hvers barns og efla þannig mál, tal, boðskipti og læsi.

HLJÓM-2 er lagt fyrir öll börn í elsta árgangi að hausti. HLJÓM-2 er staðlað íslenskt próftæki sem kannar hljóðkerfisvitund (t.d. rím, samstöfur, samsett orð). Prófið er eftir Ingibjörgu Símonardóttur og Jóhönnu Einarsdóttur talmeinafræðinga og dr. Amalíu Björnsdóttur dósent. Einungis fagfólki leikskóla, með tilskilin réttindi, er heimilt að leggja prófið fyrir. Niðurstöður prófsins gefa marktækar vísbendingar um áhættu varðandi lestrarörðugleika og eru því mikilvægar fyrir markvissa vinnu á lokaári barnanna í leikskólanum og einnig til að sjá hvaða börn eru í áhættu fyrir að lenda í lestrarerfiðleikum. Þau börn sem koma út með slaka eða mjög slaka færni taka prófið aftur eftir áramót. Í millitíðinni er unnið með þá þætti sem komu slakir út á prófinu. Niðurstöðum er skilað til foreldra og þess grunnskóla sem barnið mun sækja.

Önnur matstæki sem eru lögð fyrir eftir þörfum

Íslenski smábarnalistinn er ætlaður börnum 15 – 38 mánaða en Íslenski þroskalistinn er fyrir börn á aldrinum 3 – 6 ára. Mæður barnanna svara listanum og meta getu þeirra á mál- og hreyfisviði. Prófpættirnir eru: Málþáttur (hlustun, tal, nám) og hreyfiþáttur (grófhreyfingar, fínhreyfingar og sjálfsbjörg). Til samans mynda undirprófin þroskatölu sem gefur til kynna almennan þroska barnsins að mati móður. Höfundar beggja lista eru Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson.

Orðaskil er íslenskt málþroskapróf sem byggir á orðaforðagátlista og athugun á setningagerð fyrir börn á aldrinum 1 ½ til 3 ára. Prófinu er ætlað að meta orðaförða miðað við jafnaldra og hvort þau hafa náð valdi á beygingarkerfi og setningagerð málsins. Aldursviðmið fylgja prófinu en með samanburði við þau er skorið úr um hvort málþroski barna mælist innan eðlilegra marka miðað við jafnaldra. Höfundur er Elín Þöll Þórðardóttir, talmeinafræðingur.

AEPS er færnimiðaður matslisti sem metur stöðu og framfarir barns miðað við þess eigin þroskastöðu en ekki við meðalfærni jafnaldra. Upplýsingum er safnað frá foreldrum og leikskólanum og niðurstöður gefa mynd af þörfum, styrkleikum og veikleikum barnsins og er jafnframt góður grundvöllur til að byggja á þegar útbúin er einstaklingsnámskrá og íhlutun skipulögð í framhaldinu fyrir barnið.

Heimildir:

Við vinnslu þessa bæklinga var meðal annars stuðst við eftirfarandi.

Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna eftir Ásthildi Bj. Snorradóttir.

Hæfniráttur í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla.

Tvítyngi er ekkert að óttast eftir Elínu Þöll Þórðardóttir

Rannsóknir Hrafnhildar Ragnarsdóttur og Rannveigar Oddsdóttur á málþroska barna.